

Mat á framleiðslu vaxtarhormóns

Argínín - GHRH rannsókn

Argínín - GHRH rannsókn er gerð til að meta framleiðslu heiladinguls á vaxtarhormóni og hvort skortur á því sé til staðar. Í rannsókninni eru gefin lyfið argínín og örvunarhormónið GHRH sem saman örva framleiðslu vaxtarhormónsins.

Undirbúningur

Til að áreiðanlegar niðurstöður fáiast úr rannsókninni er nauðsynlegt að fasta frá kl. 24:00 kvöldinu áður. Óhætt er að drekka vatn og taka öll lyf eins og venjulega. Reykingar ætti að forðast á rannsóknardegi.

Læknir eða hjúkrunarfræðingur fræðir um rannsóknina og óskar eftir undirskrift á samþykki fyrir henni. Það getur verið annað hvort fyrir rannsóknardaginn eða samdægurs. Undirritun samþykkis staðfestir að einstaklingur hafi fengið og skilið upplýsingar um rannsóknina og samþykki að gangast undir hana.

Gott er að hafa með sér afþreyingarefni eins og lesefni eða eitthvað til að hlusta á og heyrnartól. Einnig er gott að hafa með sér nesti til að borða að lokinni rannsókn.

Mögulegt er að hafa einn fylgdarmann ef þörf er á en ræða þarf það fyrir fram við hjúkrunarfræðing.

Rannsóknardagur

Rannsóknin er gerð á göngudeild innkirtla, Eiríks götu 5, 1. hæð. Hjúkrunarfræðingur bókar tíma í samráði við einstakling þegar beiðni um rannsókn hefur borist. Forföll eða veikindi á rannsóknardag þarf að tilkynna á göngudeildina s. 543 1000. Gert er ráð fyrir að rannsóknin taki 2-3 klukkustundir.

Framkvæmd rannsóknar

- Hjúkrunarfræðingur framkvæmir rannsóknina. Við komu er líkamsþyngd mæld til að áætla skammt af Argínín og GHRH, sem hvort tveggja er gefið í æð. Setið er í stól eða rúmi þann tíma sem rannsókn stendur.
- Tekin eru blóðsýni á 15-30 mínútna fresti. Æðaleggur er settur í sitt hvora olnbogabótina svo ekki þurfi að stinga við hverja blóðsýnatöku. Komið getur lítið mar í kjölfarið.
- Eftir að fyrstu blóðsýni hafa verið tekin, er gefinn skammtur af GHRH sem er fylgt eftir með inngjöf Argíníns.

Aukaverkanir

Argínín getur valdið tímabundinni lækkun blóðþrýstings. Því er hann mældur á meðan á rannsókn stendur. GHRH getur valdið roða og hitatilfinningu í andliti, ógleði og undarlegu bragði í munni. Nær alltaf dregur fljótt úr þessum aukaverkunum og hefur fólk yfirleitt jafnað sig að fullu í lok rannsóknar.

Akstur: Yfirleitt er óhætt að aka bíl eftir rannsóknina.

Upplýsingar um niðurstöður rannsóknar

Að lokinni rannsókn mun lækni hafa samband og fara yfir niðurstöður rannsóknarinnar. Það er gert í endurkomutíma, sem er bókaður fyrir útskrift úr göngudeildinni, með símtali frá lækni eða skilaboðum í Heilsuveru.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir rannsóknina samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Velkomið er að hringja á göngudeild innkirtla í síma 543 1000 ef spurningar vakna varðandi rannsóknina.

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI

MIÐSTÖÐ SJÚKLINGAFRÆDSLÚ

JANÚAR 2023

LSH-406

ÁBYRGÐARMENN:

YFIRLÆKNIR INNKIRTLA-

OG EFNASKIPTALÆKNINGA

OG DEILDARSTJÓRI GÖNGUDEILDAR

INNKIRTLA- OG GIGTARSJÚKDÓMA.

HÖNNUN:

SAMSKIPTADEILD